

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps**  
**vegna iðnaðarsvæðis á Borg.**

Skipulagsstofnun staðfesti 11. júlí 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. mars 2023.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði I15 minnkar um 0,4 ha og svæði I14 er fært til innan íbúðarbyggðar ÍB2 sem stækkar lítillega vegna breytinganna.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 11. júlí 2023.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 25. júlí 2023